

REGLUGERÐ

um kærunefnd jafnréttismála.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um störf og skrifstofuhald kærunefndar jafnréttismála.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk kærunefndar jafnréttismála er að taka kærur til meðferðar og kveða upp skriflegan úrskurð um hvort ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, laga um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, nr. 85/2018, og laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, hafi verið brotin.

3. gr.

Störf kærunefndar og skrifstofuhald.

Kærunefnd jafnréttismála hefur aðsetur hjá úrskurðarnefnd velferðarmála samkvæmt samkomulagi við ráðuneyti sem fer með jafnréttismál.

Starfsmaður úrskurðarnefndar velferðarmála undirbýr fundi nefndarinnar, annast skjalastjórnun og sinnir skrifstofuhaldi fyrir nefndina.

II. KAFLI

Skipulag og starfshættir.

4. gr.

Skipan nefndar.

Ráðherra sem fer með jafnréttismál skipar samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar þrjá fulltrúa í kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn. Skulu þeir allir hafa lokið embættis- eða meistaraþrófi í lögfræði og a.m.k. tveir þeirra, þar á meðal formaður, hafa sérþekkingu á sviði jafnréttismála. A.m.k. einn þeirra skal hafa sérþekkingu á jafnrétti kynjanna og einn á jafnrétti í viðtækari merkingu. Formaður og varaformaður, sem jafnframt er aðalmaður, skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Jafn margir varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á.

5. gr.

Starfshættir.

Nefndin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir til að tryggja fullnægjandi málshraða hverju sinni.

6. gr.

Þagnarskylda.

Á nefndarmönnum, starfsmönnum og ráðgjöfum nefndarinnar hvílir þagnarskylda skv. X. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

7. gr.

Hæfi nefndarmanna.

Nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls eigi vanhæfisástæður 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, við um hann. Nefndarmanni ber að tilkynna meðnefndarmönnum sínum telji hann sig vanhæfan. Nefndin ákveður hvort nefndarmönnum beri að víkja sæti, sbr. 4. mgr. 5. gr. stjórnsýslulaga.

8. gr.

Skjöl.

Öll innkomin skjöl og útsend bréf skulu varðveitt í samræmi við lög og reglur sem um það gilda á hverjum tíma.

9. gr.

Fundargerðir.

Rita skal fundargerðir á fundum nefndarinnar þar sem skráðar eru upplýsingar um meðferð mála og niðurstöður þeirra.

Í fundargerð skal greina eftirfarandi, eftir því sem við á:

1. Fundarmenn, dagsetningu, tímasetningu, lengd fundar og staðsetningu.
2. Hvaða mál eru tekin fyrir.
3. Númer máls og nöfn málsaðila.
4. Hvaða skjöl eru lögð fram.
5. Umfjöllun og ákvörðun í hverju máli.

III. KAFLI

Upphaf máls.

10. gr.

Kærendur.

Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem telja að ákvæði laga um jafnréttismál, sbr. 2. gr., hafi verið brotin gagnvart sér geta í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanna, eftir því sem við á, leitað atbeina nefndarinnar.

Feli aðili máls umboðsmanni að koma fram fyrir sína hönd skal framvísa skriflegu umboði sem skal undirritað af málsaðila eða forsvarsmanni hans.

11. gr.

Aðild Jafnréttisstofu.

Jafnréttisstofa getur óskað eftir því við nefndina að mál verði tekið til meðferðar hjá nefndinni, hafi stofan fengið rökstuddan grun um að stofnun, fyrirtæki eða félagasamtök hafi brotið gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, nr. 85/2018, eða lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018. Það er hlutverk Jafnréttisstofu að tilkynna hlutaðeigandi stofnun, fyrirtæki eða félagasamtökum skriflega um þá ákvörðun. Ákvæði þetta á þó eingöngu við um mál sem kunna að varða hagsmuni margra og hafa almennt gildi að mati Jafnréttisstofu. Jafnréttisstofa telst þá vera kærandi og setur fram kröfugerð þá sem til úrlausnar verður um viðkomandi álitaefni í umræddu máli.

12. gr.

Kærufrestur.

Kæra skal berast kærunefnd skriflega innan sex mánaða frá því að ætlað brot á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, nr. 85/2018, eða lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, lá fyrir, frá því að ástandi sem talið er brot á lögnum lauk eða frá því að sá er málið varðar fékk vitneskju um ætlað brot. Nefndin getur þegar sérstaklega stendur á ákveðið að taka kærú til umfjöllunar þótt framangreindur frestur sé liðinn, þó aldrei ef liðið er meira en eitt ár.

Sé leitað rökstuðnings á grundvelli ákvæða stjórnsýslulaga tekur fresturinn að líða þegar sá rökstuðningur liggur fyrir.

Kæra telst nægjanlega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist nefndinni eða verið póstlagt áður en fresturinn er liðinn.

13. gr.

Sáttameðferð.

Nefndin getur að höfðu samráði við kæranda sent mál til sáttameðferðar hjá Jafnréttisstofu.

14. gr.

Endurupptaka.

Eftir að nefndin hefur kveðið upp úrskurð og hann verið tilkynntur á aðili máls rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef:

- ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða
- íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun skv. 1. tölul. 1. mgr., eða aðila var eða mátti vera kunnugt um breytingu á atvikum þeim sem ákvörðun skv. 2. tölul. 1. mgr. var byggð á, verður beiðni um endurupptöku máls þó ekki tekin til greina, nema að fengnu samþykki frá öðrum aðilum málsins. Mál verður þó ekki tekið upp að nýju ef ár er liðið frá fyrrgreindum tímamörkum nema veigamiklar ástæður mæli með því.

IV. KAFLI

Málsmeðferð.

15. gr.

Form og efni kær.

Kæra skal vera skrifleg og skal þar greint nafn, heimilisfang og kennitala þess er kærir. Í kærú skal lýst meintu broti á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, nr. 85/2018, eða lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018. Kæru skal fylgja rökstuðningur og þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.

Nefndin útbýr sérstakt eyðublað sem unnt er að skila kærú á. Ekki er skylt að nota eyðublaðið.

Málsmeðferð fyrir nefndinni skal að jafnaði vera skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund telji nefndin ástæðu til. Jafnframt getur nefndin heimilað málsaðilum að gera munnlega grein fyrir meginsjónarmiðum á fundi með nefndinni. Heimilt er að hljóðrita fundinn en kynna skal viðstöddum að upptaka fari fram.

16. gr.

Upphaf málsmeðferðar.

Kærur sem berast nefndinni skulu lagðar fram á næsta fundi eftir að þær eru móttæknar.

Nefndin tekur til athugunar hvort kæra fullnægi lagaskilyrðum til að hljóta nánari athugun. Jafnframt skal nefndin athuga hvort ágallar séu á kærú að öðru leyti. Sé málátílbúnaði svo áfátt er málinu vísað frá nefndinni við svo búið með úrskurði.

17. gr.

Frestir.

Kærða skal veittur þriggja vikna frestur til að tjá sig skriflega um kærú og önnur framlögð gögn. Samhliða beiðni kærunefndar um greinargerð kærða er málsaðilum tilkynnt um skipan nefndarinnar.

Greinargerð kærða er lögð fram og afrit sent kæranda. Athugasemdir kæranda við greinargerð kærða skulu bornar undir kærða. Frestir málsaðila til að skila athugasemdum til nefndarinnar skulu að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur.

Óski málsaðilar eftir frekari fresti skal sú beiðni rökstudd. Nefndin skal upplýsa gagnaðila um veittan frest og ástæður frestveitingar.

Sinni aðilar máls ekki tilmælum nefndarinnar um að láta afstöðu í ljós eða afhenda gögn innan tilgreinds frests skulu tilmælin ítrekuð með nýjum fresti, sem skal að jafnaði ekki vera lengri en ein vika, að því viðlögðu að litið verði svo á að viðkomandi aðili hafi ekkert frekar til málsins að leggja og uni því að málið verði tekið til afgreiðslu, eftir atvikum að lokinni frekari gagnaöflun.

18. gr.

Upplýsingaöflun.

Nefndin skal tryggja að aðili máls eigi þess kost að tjá sig um efni máls og kynna sér fyrirbyggjandi gögn áður en nefndin kveður upp úrskurð sinn enda telji nefndin að hvorki afstaða málsaðila né rök fyrir henni liggi fyrir í gögnum málsins.

Að kröfu gagnaðila getur nefndin kafið aðila um gögn sem nefndin telur að geti haft áhrif á úrlausn máls.

Nefndin getur á á öllum stigum málsins krafist frekari gagna frá málsaðilum telji hún málið ekki nægjanlega upplýst.

Verði málsaðili ekki við beiðni nefndarinnar um afhendingu gagna sem ætla má að hann hafi undir höndum, og varpað geti ljósi á málið að mati nefndarinnar, getur nefndin ákveðið að hann beri hallann af því.

Aðilum máls skal tilkynnt um lok gagnaöflunar.

Samskipti nefndarinnar við málsaðila undir rekstri málsins skulu vera rafræn sé þess kostur. Leita skal staðfestingar á móttöku á rafrænum orðsendingum.

Ef lögð eru fyrir kærunefnd jafnréttismála gögn sem varða laun, önnur starfskjör eða réttindi einstaklinga sem ekki eiga aðild að viðkomandi kærumáli skal kærunefnd jafnréttismála tilkynna hlutaðeigandi að þessar upplýsingar hafi verið veittar henni. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál. Nefndin metur hvort nauðsyn beri til að senda hlutaðeigandi afrit af umræddum gögnum eða veita aðgang að þeim á fundi.

19. gr.

Umsagnir í stefnumarkandi málum.

Þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild skal nefndin leita umsagnar frá heildarsamtökum launafólks og atvinnurekenda áður en úrskurður er kveðinn upp.

20. gr.

Takmörkun á upplýsingarétti.

Nefndinni er heimilt að takmarka aðgang málsaðila að gögnum máls ef hagsmunir þeirra af því að notfæra sér vitneskju úr gögnunum þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, einkum þegar um er að ræða viðkvæmar persónulegar upplýsingar sem eðlilegt má telja að leynt fari.

Ef aðilar máls láta nefndinni í té gögn eða upplýsingar sem að mati þeirra eiga leynt að fara skulu þeir óska eftir því að farið verði með upplýsingarnar eða gögnin sem trúnaðarmál. Skal óskin rökstudd og tilgreint hvaða hluti gagnanna eða upplýsinganna sé að þeirra mati trúnaðarmál. Skal nefndinni einnig látið í té eintak af viðkomandi gögnum þar sem trúnaðarupplýsingar hafa verið felldar brott. Ef ekki er sett fram ósk um trúnað er nefndinni rétt að líta svo á að viðkomandi gögn eða upplýsingar innihaldi ekki trúnaðarupplýsingar.

Ákvörðun nefndarinnar um synjun eða takmörkun aðgangs málsaðila að gögnum skal rökstudd og tilkynnt aðilum.

21. gr.

Málshraði.

Kærunefnd jafnréttismála skal kveða upp úrskurð eins fljótt og auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að gagnaöflun er lokið.

Sé fyrirsjáanlegt að málsmeðferð teyfist ber að upplýsa málsaðila um það og tilgreina ástæður þess að mál muni teyfjast. Gerð skal grein fyrir ástæðu dráttar á málsmeðferð í úrskurði.

22. gr.

Afturköllun kærur.

Sé kára afturkölluð skal mál fellt niður. Tilkynna ber gagnaðila skriflega um slíka niðurstöðu hafi málsmeðferð verið hafin.

V. KAFLI

Úrskurðir.

23. gr.

Frávísun.

Skorti á að kærandi hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn um efnisatriði kærur eða að mál eigi undir valdsvið nefndarinnar, eða ef önnur lagaskilyrði leiða til slíkrar niðurstöðu, skal vísa málinu frá.

Berist kára eftir að kærufrestur er liðinn skal vísa málinu frá, sbr. 12. gr.

24. gr.

Efni úrskurðar.

Nefndin kveður upp skriflega rökstudda úrskurði sem allir nefndarmenn undirrita.

Í úrskurði skal eftirfarandi koma fram:

- Heiti málsaðila.
- Kæruefni og lýsing á málavöxtum.
- Helstu málsástæður og röksemdir málsaðila.
- Rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar, þ.m.t. um málskostnað ef við á.
- Sératkvæði minnihluta, sé um slíkt að ræða.

25. gr.

Málskostnaður.

Nefndin getur ákveðið að sá sem kára beinist gegn greiði kæranda kostnað við að hafa kærana uppi fyrir nefndinni enda sé niðurstaða nefndarinnar kæranda í hag. Sé kára bersýnilega tilefnislaus að mati nefndarinnar getur nefndin úrskurðað kæranda til að greiða gagnaðila málskostnað.

Aðför má gera án undangengins dóms til fullnustu málskostnaðar.

26. gr.

Réttaráhrif.

Nefndin fylgir ekki eftir úrskurðum sínum en Jafnréttisstofa skal að beiðni kæranda fylgja því eftir að fyrir mælum um tilteknar úrbætur í úrskurði kærunefndar jafnréttismála sé framfylgt á viðunandi hátt, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020.

27. gr.

Frestun réttaráhrifa.

Úrskurðir nefndarinnar eru bindandi gagnvart málsaðilum. Málsaðilum er heimilt að bera úrskurði nefndarinnar undir dómstóla. Beri málsaðili málið undir dómstóla innan átta vikna frá birtingu úrskurðar frestast réttaráhrif úrskurðarins.

Málsaðili hefur heimild til að óska eftir flýtimeðferð hjá dómstólum. Ef beiðni um flýtimeðferð er synjað skal mál höfðað eins fljótt og unnt er eftir að synjun kemur fram og eigi síðar en innan þrjátíu daga frá synjun dómara.

Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan þrjátíu daga frá synjun dómara um flýtimeðferð. Sé mál höfðað vegna úrskurðar nefndarinnar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála sem eru til meðferðar hjá henni þar til dómur gengur í málinu.

28. gr.

Birting úrskurða.

Úrskurðir nefndarinnar skulu sendir málsaðilum strax eftir uppkvaðningu með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt.

Úrskurðir nefndarinnar skulu birtir á úrskurðarvef Stjórnarráðsins (urskurdir.is) að jafnaði tveimur vikum eftir uppkvaðningu. Hvorki nafn kæranda né annarra einstaklinga er tilgreint í opinberri birtingu úrskurða. Þá skal jafnframt fella út persónulegar upplýsingar, svo sem um launakjör, auk annarra atriða sem geta tengt kæranda eða aðra einstaklinga við kæruefni. Nafn kærða skal að jafnaði birt í úrskurði.

29. gr.

Stjórnsýslulög.

Um meðferð mála fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

VI. KAFLI

Gildistaka.

30. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 15. gr. laga um stjórnsýslu jafnréttismála, nr. 151/2020, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um kærunefnd jafnréttismála, nr. 408/2021.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 8. nóvember 2024.

Bjarni Benediktsson.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.